

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 992/2022 um tilkynningar um markaðssetningu, auk leyfisveitinga, og innihaldsefna nikótínvara, rafrettna og áfyllinga fyrir rafrettur sem innihalda nikótín.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar kemur ný málsgrein til bráðabirgða, svohljóðandi: Heimilt er að selja rafrettur og áfyllingar sem tilkynntar voru fyrir 1. febrúar 2024 og innihalda meira magn af nikótínvökva en tilgreint er í 2. mgr. 6. gr. til 1. júlí 2024.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 2. mgr. 8. gr. laga um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018, öðlast gildi 1. febrúar 2024.

Heilbrigðisráðuneytinu, 29. janúar 2024.

Willum Þór Þórsson.

Ásta Valdimarsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 31. janúar 2024